

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um opnunartíma leikskóla

- a) Tillaga stýrihóps um umbætur og skipulag leikskólastarfs varðandi opnunartíma verði samþykkt og taki gildi 1. janúar 2022.
- b) Opnunartími leikskóla borgarinnar verði 7:30 til 16:30 hjá öllum leikskólum frá 1. nóvember 2021.
- c) Opnunartími skilgreindra leikskóla, einn til tveir í hverju hverfi verði frá 7:30 til 17:00 frá 1. janúar 2022 að því gefnu að aðstæður leyfi að teknu tilliti til heimsfaraldursins.
- d) Foreldrar með dvalarsamning fram yfir kl. 16.30 geta í september 2021 tilkynnt hvort þeir óski eftir að halda dvalartímanum eftir 1. janúar 2022. Nú þegar verði hætt að gera dvalarsamninga eða samþykkja breytingar á dvalarsamningum í þá veru að dvalartími fari fram yfir kl. 16:30 nema í þeim leikskólum sem verða skilgreindir sem leikskólar með opnunartíma til kl. 17:00.
- e) Unnið verður með flutningsumsóknir foreldra, sem óska eftir að halda dvalartímanum, inn í þá leikskóla sem verða opnir til kl.17, áður en unnið verður úr öðrum umsóknum inn í þá leikskóla og flutningur veittur eftir því sem pláss leyfa.
- f) Komi til þess að eftirspurn eftir leikskóla með dvalartíma til kl. 17:00 verði umfram laus pláss fái þeir hópar foreldra forgang sem samkvæmt jafnréttismati frá júní 2020 má áætla að myndu eiga erfiðast með að bregðast við styttri opnunartíma.

Lagt er til að um verði að ræða tveggja ára tilraunaverkefni, frá 1. janúar 2022 til 31. desember 2024, og verði árangur og reynsla af starfinu metinn á áföngum á tímabilinu. Mælikvarðar og markmið skulu skilgreind nánar í upphafi verkefnis og mat á árangri taki tillit til barna, starfsmanna, stjórnenda, foreldra, þróunar á dvalartíma barna og lykiltölum í rekstri. Þeir leikskólar sem verða opnir til 17:00 fái fjárheimildir til að tryggja fullnægjandi mönnun á lengri opnunartíma skólans.

Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs er falið að leggja fram tillögu að breytingum á reglum Reykjavíkurborgar um leikskólaþjónustu eigi síðar en á fundi skóla- og frístundaráðs þann 14. september 2021.

Greinargerð:

Hér er lagt til að gerðar verði breytingar á opnunartíma leikskóla Reykjavíkurborgar til samræmis við tillögu stýrihóps um umbætur og skipulag leikskólastarfs. Jafnframt er gert ráð fyrir að mætt verði niðurstöðum jafnréttismats. Vísað er til minnisblaðs sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 20. ágúst 2021, um forsögu málsins og önnur efnisatriði.